

STARFSÁÆTLUN SKIPULAGSRÁÐS

Bæjarstjórn Akureyrar 5. febrúar 2019

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Síðastliðið starfsár skipulagsráðs hefur verið viðburðaríkt og einkennst af stórum verkefnum, eins og samþykkt á aðalskipulagi Akureyrar, og miklum breytingum í innra starfi. Ég ætla að nefna hér nokkrar.

Á árinu 2018 tók nýtt skipulagsráð til starfa í kjölfar kosninga. Skipulagsráð er nú skipað: Tryggva Már Ingvarssyni sem er formaður, Helga Snæbjarnarsyni varaformanni, Ólínu Freysteinsdóttur, Arnfríði Kjartansdóttur og Þórhalli Jónssyni. Áheyrnafulltrúi er Helgi Sveinbjörn Jóhannesson.

Um svipað leiti og nýtt skipulagsráð tók til starfa, lét dr. Bjarki Jóhannesson af störfum sem sviðsstjóri skipulagssviðs. Hann hafði jafnframt gengt hvorutveggja starfi skipulags- og byggingarfulltrúa. Í hans stað var Pétur Ingi Haraldsson ráðinn í stöðu sviðsstjóra og skipulagsfulltrúa en Leifur Kristján Þorsteinsson ráðinn sem byggingarfulltrúi.

Á síðasta ári höfum við einnig ráðið nýjar manneskjur í stöðu verkefnastjóra skipulagsmála og í starf lóðarskráritara.

Það er því ljóst að starfsmannabreytingar hafa verið miklar og það hefur komið niður á framvindu verkefna þar sem nýtt fólk hefur verið að setja sig inn í málin.

FUNDIR SKIPULAGSRÁÐS

Á árinu 2018 voru haldnir 27 fundir í skipulagsráði þar sem 689 mál voru tekin til umfjöllunar. Hefðbundinn skipulagsráðs fundur er bókaður í 3 klukkustundur svo samtals gerir þetta 7 mínútna umfjöllun að meðaltali á hvert mál.

Ártal	Fjöldi funda
2018	27
2017	29
2016	31
2015	25
2014	24
2013	20
2012	20

Tegund afgreiðslu	Fjöldi
Autt	21
Frestað	117
Í umsögn	29
Jákvætt	38
Lagt fram	85
Samþykkt	125
Samþykkt að hluta	7
Synjað	76
Tekið fyrir	72
Vísað áfram	119
Samtals	689

Við lok síðasta árs var bæjarmálasamþykkt Akureyrar endurskoðuð sem hefur mun hafa töluverð áhrif á feril skipulagsmála þar sem aukið hefur verið við möguleika skipulagsráðs til lokaákvörðunar. Þannig mun fækka málum sem fara fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

Þannig er skipulagsráði heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði nefndarinnar ef:

- lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun,

- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi svæðis- og aðal- og deiliskipulagsáætlana, umhverfis- og samgöngustefnu og byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar

Þetta þýðir að óverulega breytingar á deiliskipulagi og grenndarkynningar byggingarmála fara ekki lengur fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

HLUTVERK SKIPULAGSRÁÐS OG SKIPULAGSSVIÐS

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós okkar er að vinna að hagsmunum bæjarbúa með vandaðri og faglegri vinnu. Nota byggingareftirlit sem neytendavernd til að tryggja gæði bygginga. Skapa fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. Byggja á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni. Stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhófllegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu. Vinna að því að bæta starfsumhverfi til að auka vellíðan starfsfólks á skipulagssviði.

HLUTVERK

Hlutverk skipulagsráðs og skipulagssviðs er að sjá um skipulags- og byggingarmál Akureyrarbæjar til samræmis við ákvæði laga- og reglugerða, aðalskipulag Akureyrar og aðrar stefnur bæjarsins t.d. húsnaðisáætlun og umhverfis- og samgöngustefnu. Ennfremur að sjá um úthlutun og skráningu lóða og fasteigna, landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar, umferðar- og umhverfismál o.fl.

STAÐA BYGGINGAR OG SKIPULAGSMÁLA

YFIRLIT YFIR LAUSAR ÍBÚÐARHÚSALÓÐIR

Það verður að segjast að það eru ekki margar lóðir auglýstar lausar til úthlutunar og þá sérstaklega hvað varðar raðhús og fjölbýli. Hinsvegar er mikið í byggingu. Að minnsta kosti 417 íbúðir voru í byggingu á árinu 2018 þar af voru 166 teknar í notkun samkvæmt bráðabirgðatölum frá byggingarfulltrúa en von er á byggingarskýrslu nú fljótlega í febrúar þar sem betur verður greint frá þessu. Loks eru stór svæði að koma til úthlutunar á næstu misserum sem mun auka framboð lóða svo um munar.

ÍBÚÐARSVÆÐI – ÍBÚÐIR SKV. GILDANDI DEILISKIPULAGI

Í aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem tók gildi í maí 2018 kemur eftirfarandi fram um þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði á skipulagstímabilinu, þ.e. til ársins 2030:

	Fjöldi íbúða	per ár	3 ár	5 ár
Lágspá	2100	160	480	800
Viðmiðunarspá	2500	195	585	975
Háspá	2900	220	660	1100


Þetta þýðir að á næstu 3 árum þarf að gera ráð fyrir byggingu 585 íbúða ef miðað er við viðmiðunarspá aðalskipulagsins. Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði er jafnframt að takmarka uppbyggingu íbúðarhverfa til suðurs, en beina þróun á þéttingarsvæði og til norðurs.

HAGAHVERFI

Í Hagahverfi á eftir að úthluta 56 lóðum auk þess sem ekki hefur verið gefið út byggingarleyfi á 10 lóðum sem búið er að úthluta. Samtals á því eftir að hefja framkvæmdir á 66 lóðum í Hagahverfi með samtal 451 íbúð sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir gerð:

	A*		B*	
	Fjöldi íb.	Hlutf.	Fjöldi íb.	Hlutf.
Einbýlishús	27	6%	27	6%
par- eða raðhús	96	21%	60	13%
Fjölbýlis	328	73%	364	81%
Samtals	451	100%	451	100%

*Munur á A og B helgast af því að á 6 lóðum er hægt að velja um að raðhús eða fjölbýlishús. Dálkur A miðast við að öll húsin verði raðhús en dálkur B að öll húsin verði fjölbýlishús. Fjöldi íbúða breytist ekki eftir því hvernig hús er byggt á þessum lóðum.



Setja þarf ákveðinn fyrirvara við þessa tölu þar sem í deiliskipulaginu er miðað við lágmarksfjölda íbúða á lóðum auk þess sem líklegt er, ef miðað er við þróun síðustu ára, að óskað verði eftir breytingum á deiliskipulaginu fyrir hluta lóða með það að markmiði að auka nýtingarhlutfall og fjölga íbúðum.

SKARÐSHLIÐ/MELGERÐISÁS

Í lok sumars 2018 tók í gildi deiliskipulag sem nær til svæðis við Skarðshlíð og Melgerðisás. Er verið að vinna í mæliblöðum fyrir nýjar lóðir til að mögulegt verði að úthluta þeim veturinn 2018/2019. Er fjöldi íbúða eftirfarandi:



Fjöldi íbúða	
Fjölbýlishúsalóð við Skarðshlíð/Undirhlíð	46-60
Parhús við Skarðshlíð	2
Lítið fjölbýli við Skarðshlíð	4
Einbýlishús við Melgerðisás	4
Samtals	56-70

ÍBÚÐIR Á ÖÐRUM SVÆÐUM

Til viðbótar við ofangreind svæði eru 10 einbýlishúsalóðir lausar til úthlutunar. Eru þær lóðir við Jaðarsíðu, Lönguhlíð, Sómatún og Tónatröð. Flestar þessara lóða hafa verið lausar í nokkurn tíma en ekki farið út. Ástæða þess að lóðirnar má líklegast skýra með því að þær eru flestar „erfiðar“ þ.e. djúpt niður á fast eða brattar.

HEILDARFJÖLDI BYGGINGARHÆFRA LÓÐA 2018/2019

Samantekið að þá eru til lóðir þar sem byggja má allt að 531 íbúð, þar af eru 41 einbýlishús, 62-98 íbúðir í rað- eða parhúsum og 374-424 íbúðir í fjölbýlishúsum. Miðað við forsendur aðalskipulags um íbúðaþörf að þá ættu að vera til lóðir til reiðu til að anna uppbyggingarþörf a.m.k. næstu 2-3 árin.

Hafa ber í huga að vinnsla deiliskipulags og hönnun hverfis tekur u.þ.b. 2 ár miðað við reynslu síðustu ára. Þá á eftir að gera götur og lóðir byggingarhæfar. Það er því ekki eftir neinu að bíða að huga byggingarlandi næstu ára.


ÍBÚÐARSVÆÐI – SKIPULAG Í VINNSLU

HOLTAHVERFI

Frá 2017 hefur verið unnið að deiliskipulagi Holtahverfis, svæðis sem í aðalskipulagi er merkt sem ÍB17 og ÍB18. Er stærstur hluti íbúðasvæðisins austan Krossanesbrautar en þó eru nokkrar lóðir sunnan við núverandi íbúðahverfi, austan við Bónus. Deiliskipulagið hefur ekki verið samþykkt en samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu er gert ráð fyrir 304 íbúðum á fjórum svæðum, auk stórrar lóðar fyrir atvinnuhúsnæði nyrst í hverfinu við Hlíðarbraut. Skiptast íbúðirnar á eftirfarandi hátt:

	Fjöldi íbúða	Hlutf
Einbýlishús	8	3%
Raðhús	65	21%
Fjölbýlishús	231	76%
Samtals	304	100%

Þar sem deiliskipulagið nær til fjögurra nokkuð vel afmarkaðra svæða er auðvelt að áfangaskipta framkvæmdum í samræmi við það.



Drög að deiliskipulagstillögu voru kynnt í skipulagsráði 12. september 2018 auk þess sem tillagan var send til umsagnar umhverfis- og mannvirkjasviðs. Staða málsins er að Efla hefur fengið tillöguna til yfirferðar þar sem rýna á skipulagið m.t.t. umferðarmála og einnig til að kostnaðarmeta skipulagið. Þá hefur skipulagsráðgjafi fengið sendar athugasemdir frá skipulagssviði og umhverfis- og mannvirkjasviði sem eftir á að vinna úr og svara.

Ráðgert er að ljúka skipulaginu á þessu ári.

KOLLUGERÐISHAGI OG GRÆNHÓLL – SVÆÐI MERKT ÍB23 Í AÐALSKIPULAGI

Hafin er vinna við gerð rammaskipulags fyrir íbúðasvæði sem í aðalskipulagi eru merkt sem ÍB23. Skiptist svæðið í tvennt, þ.e. 28,5 ha svæði vestan Borgarbrautar (Kollugerðishagi/Kollugerðismói) og 22 ha svæði norðan Síðubrautar (Grænhóll). Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 1340 íbúðum á þessum tveim svæðum sem skiptast með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi íbúða
Einbýlishús (20%)	268
Raðhús (40%)	536
Fjölbýlishús (40%)	536
Samtals	1340

Í aðalskipulaginu er miðað við um 26 íb/ha sem felur í sér að á svæði vestan Borgarbrautar geta verið um 750 íbúðir og 570 íbúðir norðan við Síðubraut.



Jarðvegsdýpt á svæðinu var könnuð með Cobra mælingum nú í haust sem gefur þær niðurstöður að svæði vestan Borgarbrautar er töluvert hentugra til uppbyggingar en svæðið norðan Síðubrautar. Hafa þarf í huga að í þessum fyrstu mælingum var borað „dreift“ (langt á milli hola) til að ná yfir stórt svæði og er gert ráð fyrir að þetta netið síðar til að fá nákvæmari niðurstöður. En þær niðurstöðu sem liggja fyrir eru þó nokkuð skýrar hvað varðar mun á milli svæðanna tveggja.

Kostur svæðisins vestan Borgarbrautar er að það er auðvelt að tengja hverfið, það er tiltölulega stutt í skóla sem geta tekið við fleiri börnum, Síðuskóli og Giljaskóli, auk þess sem jarðvegsaðstæður virðast vera nokkuð góðar.

Án þess að það hafi verið tekin nein ákvörðun um það að þá er líklegt að í ljósi aðstæðna verði lögð áhersla á Kollugerðishaga/móa en beðið með svæðið við Grænhól og landnotkun þar mögulega tekin til endurskoðunar með tilliti til jarðvegdýptar. T.d. væri hægt að þróa áframhald af athafasvæðinu við Sjafnargötu með áherslu á landfreka starfsemi eins og bílasölur.

Ráðgert er að halda áfram með skipulag hverfisins á árinu 2020.

ÖNNUR SVÆÐI

Til viðbótar við ofangreind svæði eru hugmyndir um uppbyggingu íbúða á nokkrum þéttingarsvæðum en á flestum þeirra er vinna við gerð deiliskipulags komin stutt á veg. Þau helstu eru:

HJALTEYRARGATA-LAUFÁSGATA, PRÓUNARSVÆÐI

Skipulagsráð hefur samþykkt að hafinn verði undirbúningur að gerð deiliskipulags fyrir svæði athafnasvæði sunnan Gránufélagsgötu í samhengi við rammaskipulag Oddeyrar Samkvæmt rammahluta aðalskipulagsins kemur fram að gert er ráð fyrir mikilli endurnýjun bygginga á svæðinu. Gerð er krafa um íbúðir á efri hæðum í nýjum byggingum á reitnum og að í deiliskipulagi og hönnun bygginga skuli taka mið af nálægð við atvinnusvæði þannig að íbúðabyggðin hafi ekki í för með íþyngjandi kvaðir eða kröfur á atvinnustarfsemi. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð, að nýjar byggingar verði á almennt 3-4 hæðir og að fjöldi íbúða geti verið 100 talsins (viðmiðunartölur).



Vinna við gerð deiliskipulags þessa svæðis er ekki farin af stað. Gera má ráð fyrir að skipulagsvinna geti verið flókin og tímafrek vegna fjölda hagsmunaaðila á svæðinu.

NAUST 3

2 ha svæði fyrir allt að 40 íbúðir í einbýlis- og raðhúsum. Á þessu svæði er í dag í gildi deiliskipulag fyrir safnasvæði, þ.e. vinnu- og geymsluaðstöðu fyrir Minjasafnið á Akureyri. Svæðið er að mestu óbyggt en þó er Minjasafnið með geymsluaðstöðu nyrst á svæðinu.

Vinna við endurskoðun deiliskipulagsins er ekki hafin.

SVÆÐI OFAN VIÐ GLERÁRTORG

0,9 ha fyrir allt að 50 íbúðir í fjölbýlishúsum. Vinna við gerð deiliskipulags svæðisins er ekki hafin en hönnuður og verkefnisstjóri lóðarhafa hafa fundað með sviðsstjóra skipulagssviðs og kynnt fyrstu drög að mögulegri uppbyggingu. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir litlum íbúðum í tveimur eða þremur 5-7 hæða fjölbýlishúsum. Tekið skal fram að málið er stutt á veg komið, er enn á hugmyndastigi og á eftir að fá umfjöllun í skipulagsráði.

HVANNAVALLAREITUR

Vinna við gerð deiliskipulags fyrir þennan reit hófst árið 2016 en fór í bið í lok árs 2017. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir blandaðri byggð með 60 íbúðum á efri hæðum í nýbyggingum sem almennt verða 1-4 hæðir.

Þá eru ótaldar lóðir í miðbænum, við Hofsbót og Skipagötu, þar sem gert er ráð fyrir 60-100 íbúðum á efri hæðum húsum skv. gildandi deiliskipulagi. Forsenda uppbyggingu á þeim lóðum er að Glerárgata verð færð eins og gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi eða þá að gerð verði breyting á deiliskipulagi miðbæjarins. Þá þyrfti einnig að skoða hvort að ekki þurfi samhliða að útbúa ný bílastæði á miðbæjarsvæðinu t.d. með byggingu á bílastæðahúsi.

ATVINNUSVÆÐI

Það eru 13 athafnalóðir lausar til úthlutunar við Sjafnargötu, Goðanes og Baldursnes og til viðbótar eru í deiliskipulagi 10 athafnalóðir við Týsnes. Lóðir við Týsnes hafa ekki verið auglýstar til úthlutunar en það ætti að vera hægt með nokkuð stuttum fyrirvara.

DSK KROSSANESHAGI - B ÁFANGI AUK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Þá er unnið að endurskoðun skipulags lóða í Krossaneshaga B-áfanga (Sjafnarnes). Gert er ráð fyrir að breyta landnotkun í aðalskipulagi úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði auk þess að breyta legu vegar innan svæðisins sem og afmörkun lóða. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu gæti lokið endanlega vorið 2019 og að úthluta mætti lóðum strax um haustið. Ekki er búið að ákveða nákvæmlega fjölda og afmörkun lóða á þessu svæði en þær gætu þó verið á bilinu 10-16, allt eftir því hvaða starfsemi er fyrirhuguð á lóðunum.

ÖNNUR VERKEFNI Í VINNSLU

DEILISKIPULAG TRYGGVABRAUTAR

Unnið er að gerð deiliskipulags í samvinnu við Vegagerðina sem nær til Tryggvabrautar og athafnasvæðis norðan hennar auk gatnamóta við Glerárgötu. Markmið skipulagsvinnunnar er að móta og ákveða gerð umferðarmannvirkja á umhverfis með sérstaka áherslu á öryggi gangandi og hjólandi.

Þetta skipulag hefur áhrif langt útfyrir afmarkað skipulagssvæði og er að einhverju leyti forsenda annarra skipulagsverkefna eins og Holtahverfis þar sem verið er að reyna að færa umferð úr íbúðahverfum á þjóðveginn. Það er því mjög mikilvægt að vel takist til.

DEILISKIPULAG HVANNAVALLAREITAR

Deiliskipulagsvinna sem fór í gang árið 2015 vegna óska hluta lóðarhafa Glerárgötu 36 um uppbyggingu á verslun. Tillaga að deiliskipulagi var kynnt í lok árs 2016 en málið fór fljótlega í bið eftir það. Nýlega var óskað eftir því að haldið yrði áfram með málið en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins þar sem samþykki allra eiganda að Glerárgötu 36 liggur ekki fyrir..

DEILISKIPULAGSBREYTING RANGÁRVELLIR

Unnið er að breytingu í deiliskipulagi iðnaðarlóða við Rangárvelli í kjölfar beiðni lóðarhafa lóðar nr. 4 þar um. Í stað þess að heimila lóðarhafa að leggja fram breytingu taldi skipulagsráð að það væri mikilvægt að sveitarfélagið markaði stefnuna þar nálægð við íbúðabyggð Giljahverfis er mikil. Varðar vinnan aðallega útfærslu á skilmálum þar sem markmiðið er að skýra markmið núverandi skipulags að þar verði fyrst og fremst hreinlátur iðnaður sem samræmist núverandi starfsemi á svæðinu.

Það hefur ekki ríkt sátt um feril málsins og mikið gengið á á samfélagsmiðlum og í persónulegum samtölum við bæjarfulltrúa. Það er hinsvegar mikilvægt að við leyfum skipulagsferlinu hafa sýna stjórnarsýslulega framvindu. Skipulagsráð er enn að víða að sér upplýsingum og athugasemdum og hefur ekki lagt fram neina tillögu að breyttu skipulagi. Ef veruleg breyting verður á skilmálum skipulagsins þá fer sú tillaga til bæjarstjórnar til staðfestingar eins og reglur gera ráð fyrir.

STÍGASKIPULAG AKUREYRAR

Unnið er að stefnumörkun um stígakerfi Akureyrar sem felur í sér breytingu á aðalskipulagi og heildaráætlun um stígakerfi þar sem gerður verður grein fyrir nánari útfærslum. Er stefnt að því að áætlunin verði til hliðsjónar fyrir allar framkvæmdir og skipulagsvinnu.

Þetta verkefni er m.a. skilgreint í umhverfis og samgöngustefnu Akureyrarbæjar. Eins er mikill samhljómur með því og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna – en í rýnivinnu ungmenna á Akureyri árið 2018 kom m.a. fram að „þau vilja minnka notkun á einkabílum og fegra bæinn þannig að fólk vilji nýta sér hjóla- og göngustíga meira.“

RANNSÓKNARVERKEFNI UM MANNFJÖLDAÞRÓUN

Verkefnið er unnið af dr. Bjarka Jóhannessyni sem sjálfstætt framhald af gerð aðalskipulags Akureyrarbæjar. Markmiðið er að fá áreiðanlegri mannfjöldaspá, hvernig aldursskipt íbúðarþróun tengist eftirspurn eftir húsnæði og hvort/hvernig atvinnuþróun á Akureyri tengist því.

Hæg mannfjöldarþróun hefur undanfarin ár verið í aldursflokki 0 - 50 ára, en mun hraðari þróun í eldri aldurshópum. Þetta hefur áhrif á eftirspurn eftir húsnæði og einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á fólksflutninga til Akureyrar er samsetning vinnuþrengis. Markmið rannsóknarinnar er að finna samspil þessara þátta og hvernig bæjaryfirvöld geta brugðist við því.

HEILBRIGÐISSTOFNUN NORÐURLANDS – STAÐARVALSGREINING

Hafin er vinna við að skoða svæði til að byggja upp tvær allt að 1500 fm heilsugæslustöðvar. Það er reglulegir vinnufundir og ráðgjafi er að vinna tillögu að staðsetningu.

UPPBÝGGING ÍBÚÐA Á GRUNDEVILLI STOFNSTYRKJAFRAMLAGS / ÓHAGNAÐARDRIFINNA

FASTEIGNAFÉLAGA

Breyting varð á úthlutunarreglum á síðasta ári sem gerir skipulagsráði kleift að setja úthlutunar sem þessar í forgang.

Fyrir liggur viljayfirlýsing Búfestis og Akureyrar frá því í byrjun árs 2018 sem felst í að finna hentug svæði til uppbyggingar allt að 125 íbúða á tímabilinu 2018-2022.

Bjarg fékk á síðasta ári vilyrði fyrir 75 íbúðum og eru komin af stað í hönnun með um kringum 30 íbúðir.

UPPBÝGGING Í MIÐBÆ AKUREYRAR

Nú þegar framkvæmdir við Austurbrú eru komnar langt á veg, hyllir í að við skoðum uppbyggingu miðbæjarsvæðis Akureyrar á nýjan leik.

Í gildi er deiliskipulag sem gerir ráð fyrir tilfærslu Glerárgötu til austurs. Án þeirrar tilfærslu er ekki mögulegt að hefja uppbyggingu samkvæmt skipulagi. Eins hefur uppbygging bílastæðahúss og samgöngumiðstöðvar verið mikið í umræðunni sem forsenda frekari þróunar.

Í nú gildandi starfsáætlun er ekki gert ráð fyrir að fjármagn fari í endurskoðun miðbæjarskipulags á þessu ári enda er það uppuríð í önnur verkefni en tíminn frekar notaður skerpa pólitíska sýn um hvert við viljum fara.

STEFNUMÖRKUN UM GISTISTAÐI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM – ÁFANGI 2

Nýlega var samþykkt óveruleg breyting á aðalskipulagi sem heimilaði endurnýjun rekstrarleyfa gistiheimila sem eru innan íbúðasvæða á aðalskipulagi.

Næsta skref í þeirri vegferð er að skoða hvort opna eigi með skilyrðum fyrir útgáfu nýrra rekstrarleyfa á ákveðnum íbúðarsvæðum, svo sem í nágrenni miðbæjarins. Kannað var hvort mögulegt væri að fá utanaðkomandi hönnuði að verkefninu en tilboðið hljóðaði upp á fjórðung ársáætlunar í málaflokkinn þannig að það var snúið af þeirri leið. Er ætlunin nú að skipulagssvið og skipulagsráð vinni að tillögu sem vonandi verður komin fram á vormánuðum.

DEILISKIPULAG GRÍMSEYJAR

Gert var ráð fyrir að vinna við deiliskipulag Grímseyjar myndi klárast á árinu 2019. Vegna þrýstings frá öðrum verkefnum mun verklok flytjast til ársins 2020. Ekkert deiliskipulag er til í eyjunni og lóðamál í töluveðrum ólestri.

DEILISKIPULAG ÍBÚÐARSVÆÐIS Á ODDEYRI

Lokið hefur verið við húsakönnun á allri Oddeyrinni. Ráðgert var að hefja vinnu við deiliskipulag í beinu framhaldi en það verk mun flytjast til ársins 2020.

ÁSKORANIR

RAFVÆÐING BÍLASTÆÐA

Rafbílavæðing bílaflotans er hafin og nú þegar eru yfir 500 bílar af 16.000 skráðir á Akureyri sem hægt er að stinga í samband. Ef við gerum ráð fyrir línulegri þróun líkt og hefur verið síðustu misseri þá tvöfaldast þessi tala hverju ári þannig að eftir um fjögur ár verður fjórðungur allra bíla rafknúinn.

Ljóst er að árið 2030 verða nýskráningar fólksbíla sem ganga eingöngu fyrir bensín eða dísil verða bannaðar.

Þetta þýðir með öðrum orðum að opinberlega er búið að gefa út stefnu að allir eigi að skipta yfir í umhverfisvænni bifreiðatækni á næstu 11 árum.

Þá er varla boðlegt að innviðir bæjarins verði ekki tilbúnir fyrir innleiðingu sem opinberlega hefur verið skilgreind. Akureyri hefur skilgreint sig sem samfélag í farabroddi í umhverfismálum. Það þýðir að bærinn skapar umhverfi og ferla þannig að íbúar geti hindrunarlaust tekið upp vistvænni lífstíl. Bærinn hefur t.d. söfnunar og úrvinnsluferfi tilbúið fyrir lífrænan úrgang og steikingarolíu svo hver og einn íbúi getur tekið upp umhverfisvænni úrgangsflokkun með auðveldum hætti. Sama verður að gilda fyrir orkuskipti í samgöngum þar sem íbúar mega ekki lenda í of miklum innviðahindrunum þegar skipta yfir í umhverfisvænni bíla. Akureyrarbær verður að hafa svör og einhverja áætlun hvernig mæta eigi hraðri rafvæðingu bifreiða á svæðinu.

- Hvað gerist ef allir íbúar Gerðahverfis setja bílinn sinn í samband á sama tíma?
- Verður hægt að hlaða bílinn sinn á álagstímum raforku (milli kl. 17 og 19 á kvöldin)
- Innviðir þarf til að tengja rafbíla við flest fjölbýlishús
- Það er fullt af heimilum sem eru án bílastæðis sem þurfa rafhleðslu í framtíðinni. Við þurfum mögulega að finna leiðir / svæði til þess að sinna þeim þörfum.

LOKAORÐ

Líkt og í öðrum málaflokkum í rekstri sveitarfélags eru takmarkaðir fjármunir úr að spila til skipulagsmála og ekki hægt að framkvæma allt sem hugurinn leitar í. Í ofaná lag hefur verið töluverður niðurskurður í málaflokkinum þ.s. framlag til vinnslu deili- og aðalskipulags hefur lækkað um þriðjung milli ára, úr 28m í 19m.

Undandarið hefur umræða átt sér stað í skipulagsráði um hvernig við erum að stilla upp komandi ári með tilliti til fjárhagsáætlunar og forgangsröðun verkefna – við getum ekki verið allsstaðar og með alla bolta á lofti. Þá leita að okkur spurningar um hvað eigi að ráða í forgangsröðun?

Eigum við að hafa fast land undir fótum og forgangsráða fjármunum þannig að lóðaframboð til næstu ára sé tryggt með sem öruggustum hætti – eða eigum við setja áherslu á að efla samkeppnishæfni sveitarfélagsins með uppbyggingu miðsvæðis með tilheyrandi óvissu um framkvæmanleika og sátt um niðurstöðu?

Eins og sakir standa eigum við erfitt með að gera hvorutveggja en við erum að gera okkar besta og leitum lausnamiðaðra leiða.

Til að mynda höfum við verið að skoða möguleika að skera niður kostnað sveitarfélagsins við hönnun nýbyggingarsvæða með því að úthluta heilu reitunum til þróunaraðila sem svo beri kostnað af skipulagi þeirra. Þetta gæti komið sér vel fyrir þróunaraðila eins og Búfesti eða stærri verktaka, hraðað uppbyggingu og lækkað kostnað sveitarfélagsins við skipulagsgerð. Mótrök eru þau að þá sé hætta á að ákvarðanataka fari frá sveitarfélaginu og samhengi við aðrar áætlanir sveitarfélagsins tapist.

Ef einhvern lærdóm má draga af þeirri starfsáætlun sem nú er lögð fram þá telur hún upp of mörg verkefni miðað við fjármagn til málaflokksins, sem að einhverju leyti skapast af því að verkefnalistinn er samþykktur áður en fjármögnunin lá fyrir. Eins er of lítill slaki á áætluninni til þess að hægt sé að bregðast við þegar ný aðkallandi

verkefni bætast við sem þarfnast skjótrar umfjöllunar. Gott dæmi um það eru umferðaröryggismál í kringum um Glerárskóla og Bogann sem hafa verið í umræðunni undanfarið.

Til framtíðar tel ég að betur sé að skipta starfsáætlun Skipulagsráðs upp í fjórðunga og að verkefni ársins raðist innan þessa tímabils, en þó þannig að einhver slaki er inn hvers tímabils. Það myndi skapa meiri sveigjanleika í áætlanagerð skipulagsráðs. Þá er hægt að taka inn ný verkefni eða forgangsraða upp á nýtt með reglulegu millibili. Annmarkinn af þessari hugmynd er hinsvegar sá að þá liggur ekki eins ljóst fyrir í upphafi árs eins og nú hver verkefni skipulagsráðs munu verða á komandi starfsári.

Ég ætla hér að láta staðar numið.

Mig langar að þakka starfsfólki skipulagssviðs fyrir samvinnuna á síðasta starfsári og þá sér í lagi þeim Péttri Inga sviðstjóra skipulagssviðs og Leif byggingarfulltrúa fyrir afar gott samtarf.

Ef eitthvað er enn óljóst eða ef þið hafið einhverjar frekari spurningar um stöðu skipulagsmála þá verð ég til taks í umræðunum hér á eftir.

Takk fyrir mig.

Tryggvi Már Ingvarsson